Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

# Skólanámskrá Hraunvallaskóla

## II. og III. hluti



## 10. bekkur

Skólaárið 2025-2026

Skólanámskrá Hraunvallaskóla.
Útgefin 2025
Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skólans.
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður**: Hafnarfjörður.
**Ábyrgð**: Lars Jóhann Imsland (skólastjóri Hraunvallaskóla)

**Útgefandi**: Hraunvallaskóli (Hafnarfjarðarbær)
Drekavöllum 9
221 Hafnarfjörður
netfang: hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is
veffang: http://www.hraunvallaskoli.is

# Efnisyfirlit

I. Inngangur ..... 5
II. Skólastarf 10. bekkjar ..... 6
II.1. Samantekt kennslu í 10. bekk ..... 8
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 10. bekk ..... 9
II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 10. bekk ..... 12
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf. ..... 13
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi ..... 13
III. Námssvið og námsgreinar ..... 14
1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál ..... 15
A. Íslenska ..... 15
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf ..... 15
1.2. Lestur og lesskilningur ..... 16
1.3. Bókmenntir ..... 17
1.3. Ritun ..... 18
1.4. Mál og málnotkun ..... 18
B. Íslenska sem annað tungumál ..... 19
1.6. Forstig ..... 19
1.7. 1. stig ..... 20
1.8. 2. stig ..... 21
1.9. 3. stig ..... 22
2. Erlend tungumál ..... 23
2.1. Enska ..... 23
2.2. Danska:ska ..... 25
3. List- og verkgreinar ..... 28
A. hluti - listgreinar: ..... 28
3.1. Sviðslistir – leiklist ..... 28
3.2. Sjónlistir - myndmennt ..... 29
3.3. Tónmennt (Tónlist, taktur og túlkun) ..... 30
B. hluti - verkgreinar: ..... 31
3.4. Heimilisfræði ..... 31
3.5. Hönnun og smíði ..... 32
3.6. Textílmennt ..... 34
4. Náttúrugreinar ..... 36
5. Samfélagsgreinar ..... 39
6. Skólaíþróttir ..... 42
6.1. Íþróttir ..... 42
6.2. Sund ..... 43
7. Stærðfræði ..... 46
7.1 Vinnulag stærðfræðinnar ..... 46
7.2 Tölur og reikningur ..... 48
7.3 Algebra ..... 49
7.4 Tölfræði og líkindi ..... 51
7.5. Rúmfræði og mælingar ..... 52
8. Upplýsinga- og tæknimennt ..... 55
9. Lykilhæfni ..... 56
10. Valgreinar ..... 57

# I. Inngangur

Í lögum nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 stendur að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er lögð fram til samþykktar af skólaráði Hraunvallaskóla og Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekks/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins. Framsetning skólanámskrár er á þann hátt að fyrsti hluti er eitt skjal, annar og þriðji hluti eitt skjal og viðauki er eitt skjal.

Hafa ber í huga að starf í grunnskólum tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs og því er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrána á hverju ári svo alltaf megi þar finna nýjustu upplýsingar um skólastarfið. Það skiptir einnig miklu máli að allir þeir sem koma að starfinu í skólanum, nemendur, foreldrar og starfsmenn kynni sér vel inntak hennar og séu því vel kunnugir. Allar ábendingar um það sem betur má fara í starfi skólans eru vel þegnar. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.

# II. Skólastarf 10. bekkjar

Námi í unglingadeild Hraunvallaskóla er skipt niður í 6 þrep, en hvert þrep samsvarar einni önn að umfangi.
Nám í unglingadeild er einstaklingsmiðað og reynt er að mæta hverjum og einum nemenda á hans forsendum. Kennsla fer fram á fagsvæðum/fagstofum og fara nemendur á milli svæða/stofa í umsjónarhópunum sínum.
Viðhafðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta þörfum flestra nemenda og er ýmist unnið einstaklingslega eða í hópum, í gegnum leiki, umræður, ritun, á rafrænu formi o.s.frv.
Kennarar hafa gert áætlun í hverju fagi fyrir sig og vinna nemendur eftir þeim. Þar hefur námsefni vetrarins verið skipt niður á vikurnar og námsmat dagsett. Kennarar skrá heimanám, ástundun og námsmat í Mentor en samskipti kennara og nemenda fer að mestu leyti fram í gegnum Google Classroom í iPadinum, einnig eru nemendur hvattir til að nýta sér dagbækur. Ef nemendur ljúka ekki áætlun vikunnar taka þeir námsefnið með sér heim og ljúka því þar.
Í unglingadeild er námsver sem er ætlað þeim sem þurfa sérstakan stuðning í námi. Einnig fá nemendur sérkennslu í stærðfræði og íslensku á kennslusvæðum þar sem við á.
Nemendum í unglingadeild er boðið upp á fjölbreytt val þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Nemendur velja sér valgreinar þannig að heildartímafjöldi verði eigi minni en 37 kennslustundir á viku. Valinu er skipt niður í þriggja annakerfi og því eru flestir nemendur í 1 – 2 valnámskeiðum á viku. Nemendum stendur til boða að fá val utan skóla metið í staðin fyrir val innan skólans. Nemandi þarf að sýna fram á að hann stundi íþrótt, tómstund eða vinnu með skóla að lágmarki 2 klst. og 40 mín. á viku, ef tímafjöldi er minni þá skal nemandi velja sér eitt valfag innan skólans öll þrjú valtímabilin. Fylla þarf út sérstakt eyðublað með undirskrift foreldris/forsjáraðila og þjálfara/kennara/vinnuveitanda ef meta á val utan skóla.

## Kennsluskipulag í unglingadeild

Lagt er upp með kennslu innan árgangs þar sem faggreinakennsla (kennarar sérfræðingar), samþættingarverkefni og vinnustundir eru í öndvegi. Kennarar vinna náið saman við undirbúning og framkvæmd kennslunnar.

- Bóklegt nám / samþætting
    - Bókleg kennsla á unglingastigi skiptist í faggreinakennslu (skv. viðmiðunarstundaskrá), Hraunflæði og vinnustundir. Lagt er upp með að taka 4,5 kest. (3 klst.) frá fyrir Hraunflæði og vinnustundir. Þessar kennslustundir eru teknar af kjarnafögum og vali. Áhersla verður lögð á lestur, lesskilning, ígrundun og umræður í hópum um námsefni vetrarins þar sem það á við og því verður við komið.
- Hraunflæði er samþættingarverkefni/samþættingarlotur allt skólaárið
    - 1 klst. á viku (1,5 kest.)
    - Árgangur saman á svæði í þessum tímum.
    - Lagt er upp með að samþætta að mestu leyti við námsgreinar í samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku.
    - Hvert Hraunflæði getur tekið allt frá 3 vikum upp í heila önn.
- Vinnustundir eru tímar þar sem nemendur geta unnið sjálfstætt eftir kennsluáætlunum.
    - 2 klst. á viku (3 kest.)
    - Árgangur saman á svæði á sama tíma.
    - Faggreinakennarar/umsjónarkennarar til staðar og leiðbeina.
    - Innlagnir eftir þörfum
    - Bekkjarfundir

- Fylgst með framvindu náms hjá nemendum.
- Aðkoma annarra (kannanir og utanaðkomandi fræðsla)
- Faggreinakennsla
- Í íslensku og stærðfæði eru 2 faggreinakennarar saman á svæði.
- Lagt er upp með að kennsla í náttúru- og samfélagsgreinum fari fram að hluta til á sama svæði.
- Kennarar vinna að samþættingu faggreina á svæðum eins og kostur er.
- Kennslusvæði
- Nemendur fara á milli svæða og kennslusvæði skilgreind eftir faggreinum.
- Samþætting námsgreina fer fram að mestu leyti á heimasvæðum árganga.
- Tungumálakennsla (enska og danska) fer fram í kennslustofum.
- Sérkennsla
- Námsver fyrir nemendur sem á þurfa að halda.
- Sérkennsla fer fram að mestu inni á kennslusvæðum.

## II.1. Samantekt kennslu í 10. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| **1. Íslenska** | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 5,5 kest. |
| **2. Erlend tungumál** | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 4 kest.<br>3,5 kest. |
| **3. List- og verkgreinar** | A Listgreinar:<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>B Verkgreinar:<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 3 kest. |
| **4. Náttúrugreinar** | 4.1. Náttúrugreinar | 4 kest. |
| **5. Skólaíþróttir** | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2 kest.<br>1 kest. |
| **6. Samfélagsgreinar** | 6.1. Samfélagsgreinar | 3,5 kest. |
| **7. Stærðfræði** | 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 5,5 kest. |
| **8. Upplýsinga- og tæknimennt** | Upplýsing- og tæknimennt | 1 kest. |
| **9. Val** | 9. Valgreinar | 4 kest. |
| **Alls** | | 37 kennslustundir |

## II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 10. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.
Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum.

| **Grunnþáttur menntunar** | Áhersluatriði |
|---|---|
| **HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:** | Það er unnið með *heilbrigði og velferð* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Að gera nemendur meðvitaða um jákvæða sjálfsmynd og andlega vellíðan.<br>• Að nemendur kynnist grunnatriðum næringarfræði og hollustu matvæla.<br>• Að nemendur fræðist um mikilvægi þess að temja sér hollt mataræði.<br>• Að nemendur fái hvatningu og tækifæri til að stunda hreyfingu og útiveru.<br>• Að nemendur fái fræðslu um hin þrjú gildi skólans; vináttu, samvinnu og ábyrgð, með umræðum og verkefnum.<br>• Að nemendur fái tækifæri til að efla vináttutengsl, t.d. í hópefli í vinaviku þar sem unnið er markvisst með vináttu.<br>• Að nemendur fái tækifæri til að tjá líðan sína.<br>• Að nemendur hafi möguleika á fjölbreyttu vinnuumhverfi.<br>• Að nemendur færðist um heilbrigði.<br>• Að nemendur þjálfist í félagsfærni.<br>• Að nemendur séu meðvitaðir um mikilvægi góðrar hreyfingar, hvíldar, næringar og góðrar tannheilsu.<br>• Að nemendur fræðist um forvarnir.<br>• Að nemendur fái reglulega tækifæri til þess að ræða við sinn<br>• umsjónarkennara um gengi og líðan í skólanum. |
| **JAFNRÉTTI:** | Það er unnið með *jafnrétti* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms<br>• Að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda, t.d. með námsefni við hæfi og fjölbreyttum kennslu- og námsmatsaðferðum.<br>• Að nemendur læri að bera virðingu fyrir fjölbreytileika í menningu, siðum og trúarbrögðum.<br>• Að nemendur læri mismunandi vinnuaðferðir, einir, í pörum eða hóp.<br>• Að nemendur læri að vinna með öllum.<br>• Að allir hafi jafnan rétt til að tjá sig og segja sína skoðun. |

| | |
|---|---|
| **LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI :** | Það er unnið með *lýðræði og mannréttindi* í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Að nemendur læri að bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum, þjóðerni, trúarbrögðum og tungumálum.<br>• Að nemendur temji sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.<br>• Að allir nemendur hafi jafnan rétt innan hópsins.<br>• Að nemendur fái þjálfun í lýðræðislegri ákvarðanatöku, t.d. með kosningum um ýmis málefni og lýðræðisþingi nemenda.<br>• Að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin námi.<br>• Að nemendur séu meðvitaðir um mikilvægi mannréttinda.<br>• Að nemendur velji sér viðfangsefni eftir áhugasviðum í sumum verkefnum.<br>• Að nemendur semji bekkjarreglur og skrifi undir samning.<br>• Að nemendur þekki eineltisáætlun skólans.<br>• Að nemendur öðlist færni í tjáskiptum og rökræðu.<br>• Að nemendur fræðist um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og leggi sitt af mörkum til að bæta það.<br>• Að nemendur upplifi samvinnu milli skóla, heimilis og grenndarsamfélagsins.<br>• Að nemendur taki þátt í að stýra og móta félagsstarf í skólanum í samvinnu við félagsmiðsstöð og skóla.<br>• Að nemendur kjósi sér fulltrúa í nemendaráð.<br>• Að nemendur fái frelsi og ábyrgð til að sinna þeim verkefnum sem fyrir liggja hverju sinni, sbr. sætaval, hópavinna o.fl. |
| **LÆSI:** | Það er unnið með *læsi* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Að nemendur kynnist bóklegu læsi á fjölbreyttan hátt t.d. með gagnvirkum lestri, hlustun, samlestri, yndislestri, heimalestri, hljóðlestri, sögugerð og framsögn<br>• Að nemendur vinni markvisst með orðaforða, merkingu orða og notkun þeirra<br>• Að nemendur vinni með texta á fjölbreyttan hátt í öllum greinum<br>• Að nemendur þjálfist í að lesa í umhverfi sitt, setja sig í spor annarra og hvenær er við hæfi að nota viss orð og raddblæ<br>• Að nemendur læri að nýta sér mismunandi miðla |
| **SJÁLFBÆRNI:** | Það er unnið með *sjálfbærni* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Að nemendur kynnist loftslagsbreytingum og hvaða áhrif mengun hefur á jörðina.<br>• Að nemendur flokki pappír.<br>• Að árgangar skiptist á að halda skólalóðinni hreinni.<br>• Að nemendur læri að virða og þekkja náttúruna. |
| **SKÖPUN:** | Það er unnið með *sköpun* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: |

| | |
|---|---|
| | • Notast er við misjafnar kennsluaðferðir eins og þankahríð, sögugerð, kynningar, myndasýningar ofl. og í sköpun er leitast við að nemandinn;<br>○ fái uppbyggjandi gagnrýni frá ýmsum aðilum á eigin texta og vinni úr henni<br>○ fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt<br>○ öðlist trú á eigin málkunnáttu og málhæfni<br>○ fái tíma til að vinna með sínar sterku hliðar og sitt áhugasvið.<br>○ þekki hvað átt er við með hlutföllum milli stærða og geta skýrt hlutföll með tilvísun til lengda strika, flatarmála svæða eða á annan myndrænan eða áþreifanlegan hátt<br>• Áhersla er lögð á misjafnar námsmatsaðferðir eins og hópavinnu, ritun, skapandi kynningar, einstaklingsvinnu, vinnumöppur og nemendur fái að skila verkefnum á skapandi hátt og fái að nota hæfileika sína við skil verkefna s.s. tónlist, myndlist, tölvuvinnu o.fl. og sem dæmi um sköpunarmarkmið þá er leitast við að nemandinn;<br>○ geti virkjað ímyndunaraflið og samið eigin texta, t.d. sögu eða ljóð kunni nokkur skil á hvernig skrifað er í mismunandi tilgangi og kunni að haga orðum sínum í samræmi við aðstæður, t.d. í formlegri fyrirspurn eða persónulegu bréfi<br>○ geti hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnmálum, félagslegur aðstæðum, sögu og menningu, trúar og lífsviðhorfum.<br>• Valið vinnur mikið með sköpun og má þar nefna matreiðslu, kroppaklapp, smíði, ofl. Í valinu fá nemendur að velja samkvæmt sínu áhugasviði og eru fögin byggð upp m.t.t. nemenda svo að sköpunarkraftur, innisæi, forvitni og frumleiki nemenda fái að njóta sín. |

# II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 10. bekk

### i. Kennsluaðstæður

Kennt er hefðbundnum skólastofum þar sem nemendur flakka á milli.

### ii. Kennsluáætlanir

Nemendur fá ítarlega kennsluáætlun í hverju fagi. Þar koma fram áherslur námsefnis hverju sinni og nemendur sjá hverju þau eiga að vinna að í hverri viku. Í kennsluáætlun koma einnig fram mikilvægar dagsetningar á verkefnaskilum, ásamt upplýsingum um fyrirkomulag námsmats.

### iii. Náms- og kennslugögn

| | |
|---|---|
| Námsbækur og almenn kennslugögn skóla: | • Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).<br>• Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.<br>• Hver nemandi fær sinn iPad til afnota og skilar honum við skólalok hvers skólaárs. |
| Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:<br>**Hafnarfjarðarbær sér um:** | • Pennaveski<br>• Strokleður<br>• Boxyddara<br>• Vasareiknir<br>• Gráðubogi<br>• Hringfari<br>• Önnur gögn |
| **Nemandi á að mæta með:** | • Blýantar<br>• Pennar<br>• Trélitir |

## II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Allir árgangar senda foreldrum fréttabréf vikulega. Ástundun er einnig send heim vikulega (hægt að skoða á Mentor hvenær sem er).
Hægt að hafa samband við kennara með tölvupósti. Veikindi þarf að tilkynna á skrifstofu skólans (590 – 2800) eða skrá á Mentor af foreldrum.
Samkvæmt ástundunarreglum Hafnarfjarðarbæjar ber foreldrum/forsjáraðilum að tilkynna fjarveru nemanda frá skóla á þar til gert eyðublað sem er að finna á heimasíðu skólans þegar um þrjá eða fleiri daga er að ræða. Skráning fyrir allt að tvo fjarverudaga nemanda getur farið fram á mentor.is eða með því að hafa samband við skrifstofu skólans.

## II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat árgangsins greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat, út frá hæfniviðmiðum. Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

### a. Leiðsagnarmat

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nýti ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum við að ná að bæta árangur sinn. Meðal annars er lögð áhersla á eftirfarandi aðferðir við leiðsögnina:

- Kannanir
- Verkefnavinna
- Para- og hópavinna
- Sjálfsmat
- Jafningjamat
- Framsetning og framsögn

### b. Stöðumat

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með samtali við nemanda og foreldrum/forsjáraðilum með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að varpa ljósi á námslega stöðu nemandans ásamt líðan í skólanum með bætingu og áframhaldandi markmið í huga.

### c. Lokamat

Lokamat fer fram við lok skólaárs, meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum einkunn fyrir frammistöðu sína.

# III. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. árgang í aðalnámskrá en skólar útfæra sjálfir fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.
Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

# I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

## A. Íslenska

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar
Í skólanum er lögð áhersla á heildstæða móðurmálskennslu, þ.e. tengsl einstakra þátta og viðfangsefna innbyrðis. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skiptist námið í eftirfarandi þætti: Lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, málfræði, bókmenntir og ritun.

### 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

#### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:
- **Framsögn:** flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi,
- **Tjáning**: miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir
- þeim með fjölbreyttum leiðum,
- **Hlustun og áhorf:** horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og
- miðlað innihaldi þess á gagnrýninn hátt,
- **Áhorf:** horft og tekið eftir upplýsingum í myndefni og greint og miðlað innihaldi þess á
- gagnrýninn hátt,
- **Nýting miðla:** nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið
- afstöðu til þess sem þar er birt.

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:
- Framsögn
- Hlustunarskilningur
- Sjónræn skynjun og innlifun
- Sköpun

#### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
- Ýmis konar myndefni
- Hlustunarefni
- Annað efni frá kennara

#### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur við að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
- Einstaklingsnámsskrá miðuð við námslegar forsendur og markmið.
- Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
- Í kennslustundum verður unnið markvisst með alla færniþætti.
- Heimanám felst aðallega í undirbúningi fyrir framsetningu og úrvinnslu verkefna.

#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Símat; áhugi, virkni og vinnubrögð
- Verkefnavinna
- Munnlegt mat

## 1.2. Lestur og lesskilningur

### i. Hæfniviðmið:

Við lok árgangs geti nemandi:

- **Lesfimi:** lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu
- í samræmi við aðstæður hverju sinni,
- **Lestraraðferðir:** valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni
- hverju sinni,
- **Orðaforði:** beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og
- skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn,
- **Lesskilningur:** skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan
- hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika,
- **Lestrarmenning:** valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra
- á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Í bókmenntum er lesin ein fornsaga og ein nútímasaga auk valbókar og fleira.  Eru gerð verkefni þessu tengd. Þau eru í formi ritgerða, spurninga, prófa og umræðna.
- Smásögur
- Kjörbækur

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Gísla saga
- Englar alheimsins
- Kveikjur
- Neistar
- Logar
- Efni frá kennara

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í bókmenntum er lesin ein fornsaga og ein nútímasaga auk valbókar og fleira. Gerð eru verkefni þessu tengd í formi margmiðlunar, spurninga, prófa og umræðna.
Lögð er áhersla á að nemendur lesi bók/bækur í frjálsum valbókarlestri. Foreldrar eru hvattir til að örva börn sín til bóklesturs.
Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur við að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsnámsskrá miðuð við námslegar forsendur og markmið.
- Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

○ Í kennslustundum verður unnið markvisst með alla færniþætti.

- Heimanám felst aðallega í lestri og frekari þjálfun þeirra færniþátta sem unnið er að í kennslustundum.

## v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Símat byggt á áhuga, virkni og vinnubrögðum
- Skrifleg próf og kannanir
- Verkefnavinna
- Munnlegt mat

### 1.3. Bókmenntir

## i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- **Lestur og túlkun bókmennta:** lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og
- erlendar bókmenntir,
- **Bókmenntagreining:** beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun
- um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum,
- **Bókmenntaarfurinn:** lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af
- sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð,
- **Ljóð:** notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og
- túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum

## ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Skapandi skrif s.s. ljóða- og sögugerð.
- Að koma frásögn á blað.
- Að gera grein fyrir máli sínu á rökrænan hátt.
- Að koma efni frá sér samkvæmt fyrir fram gefnum forsendum.

## iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Stafsetningarhefti frá kennara
- Neistar
- Logar
- Ýmis gögn frá kennara
- Beinagrindur - handbók um ritun

## iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í ritun er lögð áhersla á að nemendur geti byggt upp sjálfstæða frásögn, sagt frá persónulegri reynslu og sagt hlutlægt frá atburðum. Í stafsetningu er lögð áhersla á þjálfun grundvallaratriða og því fylgt eftir með ýmsum verkefnum bæði skriflega og í spjaldtölvu.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur við að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsnámsskrá miðuð við námslegar forsendur og markmið.
- Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustundum verður unnið markvisst með alla færniþætti.
- Heimanám felst aðallega í undirbúningi að skrifum og frekari þjálfun þeirra færniþátta sem unnið er að í kennslustundum.

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Símat byggt á áhuga, virkni og vinnubrögðum
- Skrifleg próf og kannanir
- Verkefnavinna
- Munnlegt mat

## 1.3. Ritun

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- **Skrift og frágangur:** haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið
- sem hentar tilgangi og lesendum,
- **Uppbygging texta:** skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður
- þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr,
- **Textategundir og málnotkun:** beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði
- í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða
- birtingarform er valið,
- **Tjáning í texta:** samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og
- sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum,
- **Stafsetning og greinamerkjasetning:** beitt helstu atriðum stafsetningar og
- greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki.

## 1.4. Mál og málnotkun

### i. Hæfniviðmið

Í lok árgangs geti nemandi:

- **Einkenni málsins:** beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni
- þess og nýtt hana í eigin málnotkun,
- **Fjölbreytt málnotkun:** áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt
- mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti,
- **Sköpunarkraftur:** áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun,
- tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap,
- **Orðflokkar:** áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér
- grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,
- **Orðtök og málshættir**: beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum
- orðasamböndum í máli sínu,
- **Gögn og hjálpartæki:** nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og
- styðja við notkun þess.

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðflokkagreining er rifjuð upp frá fyrri árum. Farið í setningafræði, orðmyndun og málnotkun.

- Áfram er unnið með þætti sem nemendur hafa áður kynnst.

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Neistar
- Logar
- Gullvör
- Efni af vef
- Efni frá kennara
- Málvísir

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í málfræði er unnið með grundvallaratriði og lögð áhersla á að nemendur nái færni í vinnu með orðflokka, nái grundvallaratriðum í setningafræði og orðmyndun. Í málnotkun er lögð áhersla á að nemendur kynnist margbreytileika málsins og þeir þjálfaðir í notkun orðtaka og málshátta og öðrum atriðum sem auka orðaforða og málskilning.
Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur við að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsnámsskrá miðuð við námslegar forsendur og markmið.
- Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
- Í kennslustundum verður unnið markvisst með alla færniþætti.
- Heimanám felst aðallega í frekari þjálfun þeirra færniþátta sem unnið er að í kennslustundum.

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Símat byggt á áhuga, virkni og vinnubrögðum
- Skrifleg próf og kannanir
- Verkefnavinna

## B. Íslenska sem annað tungumál

Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eiga ekki íslensku sem móðurmál og hafa engin eða lítil tök á íslensku máli. Nemendahópurinn sem lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur og námsþarfir hans að sama skapi mismunandi. Nemendur vinna að hæfniviðmiðum samkvæmt „íslensku sem annað tungumál“. Hæfnirammarnir þar skiptast í fjögur stig (forstig, 1. Stig, 2. stig og 3. Stig) og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur hæfni og stöðu hans í máltileinkuninni. Kennsluhættir og námsmat skulu vera fjölbreytt og taka mið af öllum hæfnisviðum þ.e. skilningi (hlustun og lestri) og tjáningu (talmáli og ritun). Þegar nemandi hefur náð færni á öllum stigum er gert ráð fyrir að hann geti, með stuðningi, unnið eftir sömu námsáætlun og nemendur með íslensku sem móðurmál.

### 1.6. Forstig

### i. Hæfniviðmið

Við lok stigs geti nemandi:

- Hlustun

- ○ Skilið einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt s.s. einfaldar spurningar og svör
- ○ Skilið mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi mynda, látbragðs ofl.
- ○ Greint einstök orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni
- ○ Skilið grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima
- Lestur
- ○ Tengt íslensk málhljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálfa sig í umskráningu og nær byrjunarfærni í lesfimi
- ○ Lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni
- ○ Nýtt sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða
- ○ Lesið mjög einfalda texta með stuðningi t.d. mynda
- Tjáning; talað mál, samskipti og frásögn
- ○ Með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, Endurtekið og umorðað eftir þörfum
- ○ Beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga
- ○ Kynnt sig, heilsað, kvatt, og þakkað fyrir sig
- ○ Sýnt kunnáttu í grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundum og heima
- ○ Tjáð á einfaldan hátt, hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni
- ○ Stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer
- Tjáning; ritun
- ○ Skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd
- ○ Þekkt íslenskan ritátt
- ○ Afritað orð og setningar
- ○ Skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært
- ○ Skrifað nafnið sitt
- ○ Teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum (t.d. einföld dagbók)

## 1.7. 1. stig

### i. Hæfniviðmið

Við lok stigs geti nemandi:

- Hlustun
- ○ Skilið einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál ef talað er hægt og skýrt
- ○ Skilið að nokkru leyti leiðbeiningar og það mál sem notað er í kennslustofunni ef talað er hægt
- ○ Fylgt meginþræði og greinir upplýsingar í einföldum, kunnuglegum frásögnum með sjónrænum stuðningi og orðaforða sem hefur verið kenndur
- ○ Skilið grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima
- Lestur
- ○ Þekkt íslenska stafrófið og íslensku málhljóðin
- ○ Lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar
- ○ Nýtt sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða

- Lesið og skilið einfalda texta af nokkurri lipurð
- Tjáning; talað mál, samskipti og frásögn
  - Með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum
  - Beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga
  - Kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig
  - Sýnt kunnáttu á grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima
  - Á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni
  - Með takmörkuðum orðaforða lýst hlut eða mynd með því að hafa undirbúið sig fyrirfram
- Tjáning; ritun
  - Skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig
  - Skrifað nafn sitt, heimilisfang og nafn skólans
  - Skrifað orð og orðasambönd til að lýsa hversdagslegum hlutum (t.d. lit eða stærð)
  - Skrifað einfaldar setningar til að lýsa atburðum í myndasögu
  - Fært dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum í stuttum setningum
  - Sýnt grunnþekkingu á íslenskri málfræði og beitt henni í ritun

## 1.8. 2. stig

### i. Hæfniviðmið

Við lok stigs geti nemandi:

- Hlustun
  - Skilið dagleg samtöl, og umræður sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt
  - Skilið nákvæmar leiðbeiningar og fyrirmæli tengd námsgreinum
  - Skilið helstu atriði í kynningum, fræðslu og útskýringum með sjónrænum stoðum og skýrum dæmum
  - Sýnt grunnskilning á mikilvægum orðaforða námsgreina, þ.e. orðaforða á 2. og 3. þrepi (t.d. náttúru- og samfélagsgreinum).
- Lestur
  - Lesið og skilið texta almenns eðlis með orðaforða sem kemur oft fyrir í námi í skólanum
  - Lesið og skilið texta úr námefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista, mynda og annarra hjálpargagna
  - Getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi og áætlað merkingu setningar, ef hann þekkir efnið sem um ræðir
  - Fylgt söguþræði í stuttum sögum og frásögnum á einföldu máli
- Tjáning; talað mál, samskipti og frásögn
  - Tekið þátt í flestum daglegum samtölum án mikils stuðnings
  - Spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu og átt samskipti við samnemendur um námsefnið
  - Sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu
  - Flutt undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel og svarað spurningum áheyrenda en gæti þurft að biðja um endurtekningu
  - Auðveldlega tjáð sig um það sem honum líkar/mislíkar
  - Lýst fólki, stöðum og hlutum á einfaldan hátt
- Tjáning; ritun

- Skrifað einfaldan texta sem tengjast daglegum athöfnum, persónulegum högum, líðan, áhugamálum og viðhorfum með stuðningi hjálpargagna
- Skrifað stuttar lýsingar á atburðum, fyrri viðfangsefnum og reynslu
- Svarað spurningum tengdum náminu skriflega með viðeigandi stuðningi orðalista og lykilorðavinnu
- Búið til stutta kynningu í skýrslu eða á veggspjaldi u m efni tengt náminu með myndum og stuttum textum
- Skrifað stuttar, einfaldar frásagnir, t.d. inngang að sögu eða framhald af sögu með stuðningi hjálpargagna
- Sýnt fram á grunnþekkingu í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun

## 1.9. 3. stig

### i. Hæfniviðmið

Við lok stigs geti nemandi:

- Hlustun
  - Skilið nokkuð auðveldlega daglegar samræður í tengslum við áhugasvið og annað í kunnuglegu umhverfi
  - Skilið megininntak í umræðum og fræðslu um viðfangsefni ýmissa námsgreina
  - Skilið megininntak kynninga og fræðslu í ýmsum námsgreinum og efni í fjölmiðlum sem höfðar til hans og er á skýru máli
  - Sýnt fram á nokkuð góða þekkingu á námsorðaforða á 2. og 3. þrepi, til skilnings sem samsvarar aldri barnsins og því sem gera má ráð fyrir að jafnaldrar hafi þekkingu á
- Lestur
  - Fylgt meginhugmynd og rökum í texta almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi texta
  - Lesið texta námsbókanna með viðeigandi stuðningi (orðalista, orðabóka og mynda)
  - Fundið lykilupplýsingar í texta og safnað upplýsingum úr ýmsum textahlutum til að leysa verkefni
  - Lesið einfaldar skálsögur í fullri lengd
- Tjáning; talað mál, samskipti og frásögn
  - Tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um efni sem er til umræðu ef viðmælandi gerir sér far um að sýna skilning og koma til móts við nemandann
  - Tekið þátt í umræðum um viðfangsefni hinna ýmsu námsgreina
  - Tekið þátt í samræðum um áhugamál og frístundir í raun- og netheimum, tjáð skoðanir og rökstutt þær
  - Útbúið og flutt kynningu á efni sem hann þekkir og svarað spurningum ef þær eru orðaðar skýrt
  - Tjáð að mestu, skoðanir sínar á skýran hátt
  - Sagt í smáatriðum frá atburðum, viðbrögðum við þeim og lýst reynslu
- Tjáning; ritun
  - Skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild með viðeigandi tengiorðum, (þótt textinn sé ekki málfræðilega réttur)
  - Skrifað óformlegan og formlegan texta t.d. á samfélagsmiðlum. Getur hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang
  - Tjáð skriflega skoðun sína á námsefni, kvikmyndum, bókum eða sjónvarpsþáttum með viðeigandi orðaforða
  - Tjáð skriflega skoðun sína á námsefni, kvikmyndum, bókum eða sjónvarpsþáttum með viðeigandi orðaforða

○ Skrifað námsritgerðir og notar námsorðaforða með viðeigandi stuðningi orða og orðabóka
○ Gert grein fyrir reynslu, lýst tilfinningum og viðbrögðum í samfelldum texta. Getur skrifað samfellda sögu, með upphafi atburðarás og sögulokum
○ Sýnt fram á breiðan grunn í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsbækur: Einmitt – lærum íslensku, Orð eru ævintýri. Þetta reddast, Íslenska nýja málið mitt I og 2, Ritrún 1, 2, 3, Kæra Dagbók 1, 2 og 3, Hitt og þetta (lestrar- og vinnubók), Íslenska fyrir alla 1 og 2, Íslenska vísar veginn, þjálfunarhefti (matur, dýr, húsbúnaður ofl.), Tölum saman, Orðagull, Markviss málörvun, Leggðu við hlustir.
- Spil: Sagnorðaspilið, Fallorðaspilið, Orðasjóður (flettispjöld og útprentanlegt efni af vef), Íslenski málhljóðakassinn.
- Smáforrit og vefir: Vefir af heimasíðu Menntamálastofnunar (mms.is), tungumálatorg.is, ord.ruv.is, Smábókaskápurinn (vefsíða), skolavefur.is, Málið er mark (vefsíða), Út fyrir bókina (vefsíða) smáforrit s.s. grahpogame, .
- Annað: Kpals., Gpals, verkefni frá kennara, Orðaforðalisti MMS, samtalsspjöld, ýmis málfræðiverkefni.

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Einstaklingskennsla
- Kennsla í litlum hópum
- Á heimasvæði árgangs eða ÍSAT veri

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Vinnubækur við hæfi hvers og eins
- Spil og leikir
- Umræður
- Lestur bóka sem hæfa hverjum og einum

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Símat
- Leiðsagnarmat
- Stöðumat og próf

# 2. Erlend tungumál

## 2.1. Enska

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hlustun

○ Skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt.

- Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og mynd-miðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt.
- Hlustað eftir upplýs-ingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.

• Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexta af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt.
- Lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.
- Lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- Lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.

• Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orða-sambönd úr daglegu máli.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.
- Tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.

• Frásögn

- Tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.
- Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.
- Samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra.
- Beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.

• Ritun

- Skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotk-unar og notað tengiorð við hæfi.
- Skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.
- Samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín.

• Menningarlæsi

- Sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna viðkomandi þjóðfélags.
- Gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma.
- Greint á milli helstu afbrigði tungumálsins.

• Námshæfni

- sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu.

## .ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur vinna markvisst að því að bæta kunnáttu sína í ensku.
- Farið verður í lesskilning, hlustun, málfræði, orðaforða, ritun og menningarlæsi.
- Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum, skipulagningu náms og geta lagt mat á eigin námsgetu.
- Nemendur lesa skáldsögu, vinna ýmis verkefni sem reyna á orðaforða, lesskilning og hlustun. Nemendur gera ritunar- og munnleg verkefni.

## iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsefni á rafrænu formi frá kennara.
- Spotlight 10, les- og vinnubók.
- Skáldsagan The Boy in the Striped Pajamas.
- Ítarefni frá kennara.

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Námsskipulag í ensku er sett upp í lotur sem taka frá 2 - 5 vikum, en lengd fer eftir viðfangsefni. Nemendur fá ítarlegar upplýsingar um hvað þeir eiga að gera á Classroom og ætlast er til að þeir klári verkefni sín og mæti öllum skilum, gangi það ekki upp verða þeir að klára heima.
- Í lotunum verður unnið markvisst með alla færniþætti og reynt er að miða við að vinnuálag sé þannig dreift að nemendur nái að klára í kennslustundum.
- Heimanám felst aðallega í prófllærdómi og að halda striki í náminu með því að klára það sem ekki náðist í áætlun. Kennslustundir verða nýttar í ýmis verkefni.
- Heimanám felst aðallega í prófllærdómi og að halda striki í náminu með því að klára það sem ekki náðist í áætlun.
- Nemendur munu nota Google Classroom og Mentor til þess að halda utan um nám sitt.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsnámsskrá miðuð út frá forsendum og markmiðum nemanda.

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Skrifleg próf og kannanir á miðju ári og lokapróf í lok árs.
- Símat, nemendur eru metnir allt árið.
- Mjög fjölbreytt verkefni þar sem reynt er að höfða til áhugasviðs flestra.
- Verkefnavinna, bæði munnleg og skrifleg.
- Verkefnavinna getur verið hópavinna, paravinna og einstaklingsvinna.

## 2.2. Danska:

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hlustun

○ án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr

○ tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra og sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt

- Lesskilningur

○ lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi

○ lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra sagt frá eða unnið úr á annan hátt

- Frásögn og samskipti

○ flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðlaust og af nokkru öryggi

- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum
- Ritun
- skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum
- skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín
- Menningarlæsi
- fengið kynningu á helstu afbrigðum tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska
- fengið kynningu á innri samfélagsgerð. Hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni
- Námshæfni
- beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja
- nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota hana í nýju samhengi
- Samskipti
    - tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í
    - tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælenda
- og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.

## ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur vinna markvisst að því að bæta kunnáttu sína í dönsku.
- Farið verður í lesskilning, hlustun, málfræði og ritun. Einnig munu nemendur þjálfast í upplýsingaöflun og úrvinnslu.
- Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og geta stýrt námi sínu að miklu leyti sjálfir.
- Nemendur lesa smásögu, gera google slide verkefni, hlusta á dönsk dægurlög, flytja munnlegt verkefni og flétta tækni mikið saman við vinnu sína.

## iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ekko les – og vinnubók
- Nemendur búa til stuttmynd og nota til þess app á IPad.
- Dönsk dægurlög og myndefni.
- Öpp og annað efni á iPad.
- Annað efni frá kennara.

## iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslustundir verða nýttar í ýmisleg verkefni og innlögn frá kennara. Kennarinn leggur upp með að nemendur vinni sem mesta vinnuna í tímum.
- Heimanám felst aðallega í þjálfun færniþátta með verkefnum úr les – og vinnubókum. Einnig geta fallið til verkefni sem kennari ætlast til að nemendur vinni heima.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsnámskrá miðuð út frá forsendum og markmiðum nemanda

## v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Skrifleg próf og kannanir.
- Símat.
- Stutt verkefni sem lögð eru fyrir nemendur til að meta færni þeirra.
- Mjög fjölbreytt verkefni þar sem reynt er að höfða til áhugasviðs flestra.
- Verkefnavinna, bæði munnleg og skrifleg. Getur verið hópavinna, paravinna og einstaklingsvinna.

# 3. List- og verkgreinar

## A. hluti - listgreinar:

### 3.1. Sviðslistir – leiklist

#### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- skrifað handrit að leikverki þar sem grunnreglum er beitt við uppsetningu leikhandrits fyrir svið eða myndmiðla,
- skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist,
- unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum, lagt fram sínar eigin hugmyndir og nýtt hugmyndir annarra við undirbúning og sköpun leikþátta,
- nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt.
- valið valið milli mismunandi aðferða við sviðsetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu,
- valið milli forma og stíls í eigin sköpun og rökstutt val sitt,
- prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur,
- túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.
- rökrætt leikið efni á sviði og í myndmiðlum á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það að nokkru leyti í menningarlegt og sögulegt samhengi,
- sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum og hvatt aðra til viðeigandi hegðunar,
- veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Leiklistar form (forn grikkir, Shakespeare, Comedia dell´arte og Raunsæisstefnan og nútíma leikhús í stuttu máli
- Mismunandi aðferðir leiklistar kynntar og nemendur spreyta sig á þeim
- Heildstætt ferli leiklistar - nemendur fá sögu og nýta aðferðir leiklistar tl að leysa vandamál sögunnar
- Unnið með látbragð
- Nemendur kynnast spuna og hvernig á að vinna með hann
- Nemendur fræðast um gagnrýni og spreyta sig á henni
- Nemendur setja upp leikþætti

#### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Handrit og textar
- iPad
- Kennslumyndbönd
- Tónlist
- Veraldarvefurinn

- Ýmsar bækur tengdar leiklistinni
- Annað tilfallandi efni valið og útbúið af kennara

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
- Kennslan fer fram í leiklistarstofu
- Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku (2x60 mínútur) í 6 vikur, samtals 10 - 11 skipti.
- Námshópar eru blandaðir og eru 10  til 14 nemendur eru í hverjum hópi.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
- Í smiðjum er lögð áhersla á að hver nemandi fái tækifæri til að vinna viðfangsefni á sínum forsendum m.a. í framsetningu og ástundun.

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:
- Frammistaða
- Framlag
- Samvinna
- Hæfniviðmið Hraunvallaskóla
- Matsviðmið Aðalnámsskrár

## 3.2. Sjónlistir - myndmennt

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:
- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun.
- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta.
- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.
- notað orðaforða og hugtök frumþátta og lögmála myndlistar til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.
- greint hvernig samtíma-list fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjöl-breyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina,
- gert grein fyrir margvís-legum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í fjölbreytt samhengi,
- greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð, bæði hér á landi og erlendis.

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:
- vinna með listastefnu og listamenn
- hugmyndavinna
- myndsköpun
- Sjálfstæð úrvinnsla

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Fjölbreyttur efniviður eins og pappír, mismunandi teikniáhöld, litir og verkfæri.
- Bækur, skyggnur og margmiðlunarefni, valið og útbúið af kennara
- Spjaldtölva

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, í skóla og heima (utan skóla), fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslan fer fram á myndmenntasvæði skólans
- Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku (2x60 mín), í 11 skipti.
- Námshópar eru blandaðir og eru 10  til 12 nemendur í hverjum hópi.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við að nemendur læri út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Í smiðjum er lögð áhersla á að hver nemandi fái tækifæri til að vinna viðfangsefni á sínum forsendum.

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Þátttaka í kennslustundum/verkefnum
- Vinnusemi
- Vönduð vinnubrögð
- Framkoma
- Hæfniviðmið Hraunvallaskóla
- Hvert verkefni og verkþættir eru metnir ásamt frammistöðu í tímum.

## 3.3. Tónmennt (Tónlist, taktur og túlkun)

### i. Hæfniviðmið í námi

Við lok árgangs geti nemandi:

- beitt rödd sinni í tónlistasköpun, söng eða rappi einn eða með öðrum
- notað hljómahljóðfæri eða laglínuhljóðfæri á viðeigandi hátt í einföldu samspili eða hljómsveit
- leikið margvíslegan hryn á takthljóðfæri, einn og með öðrum.
- notað tónlistarforrit að eigin vali til að skapa og vinna margvísleg verk
- greint og þekkt hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar og hljóðfæri sem eru einkennandi í völdum tónlistarstílum
- beitt gagnrýnni hugsun við að meta tónlist og beitt tónlistarhugtökum til að rökstyðja mat sitt út frá stíl, fagurfræði og eigin smekk
- greint, útskýrt og endurskoðað eigin sköpunarverk og samnemenda í tónlist af sanngirni og virðingu

### ii. Viðfangsefni í náminu

Tónlist er megin uppistaða þessarar námsgreinar og er notuð í öllum verkefnum, hópefli og leikjum

- Spilað heilt lag eftir Bítlana á hljóðfæri og sungið
- Lesinn texti úr bókinni Hljóðspor um The Beatles og 7. áratuginn.
- Horft á heimildarmyndina 8 days a week

- Hlustun þar sem hlustað er eftir röddun, víxlsöng, trommuslætti, sóló hljóðfærum, háum og lágum tónum o.s.frv.
- Nemendur semja lokalagið sitt í Garageband sem er saman sett úr A+B+C+B+C+D.
- Tónfræði og Háskaleikur
- Líkamann notaður sem takthljóðfæri við þekkt lög.
- Nemendur semja í hópum sitt eigið lag og fá frjálst val með hvaða hljóðfæri þau nota. Flytja það svo fyrir hópinn.

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Hljóðfæri
- Tölvur, iPad
- Tónlist af youtube.com
- Garageband
- Háskaleikur
- Heimildarefni
- Hljóðspor, bók og hlustun.

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Námið fer að mestu fram í skóla
- Heimavinna er sjaldgæf í þessu fagi en það kemur fyrir að nemendur þurfi að æfa texta og/eða finna upplýsingar
- Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku í u.þ.b. fimm vikur samtals u.þ.b. 16 kennslustundir

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Í smiðjum er lögð áhersla á að hver nemandi fái tækifæri til að vinna viðfangsefni á sínum forsendum m.a. í framsetningu og ástundun.

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar í námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Hæfniviðmið í námi
- Þátttaka í verkefnum
- Mæting
- Frumkvæði og vinnusemi
- Samvinna og framlag í hópaverkefnum
- Munnlegu msögn frá kennara í lok hvers verkefnis

# B. hluti - verkgreinar:

## 3.4. Heimilisfræði

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir samkvæmt ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis,

- beitt helstu matreiðslu-aðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld og borið ábyrgð á viðeigandi frágangi,
- Tamið sér heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn og tengsl þeirra við heilsufar
- skilið og farið eftir aðalatriðum ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis,
- tileinkað sér og skilið mikilvægi hreinlætis og þrifa tengdu matreiðslu og eldhúsi,
- Greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og sýnt nýtni og hagsýni í anda neytenda vitundar og sjálfbærni
- sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti,

## ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:
- Bakstur og matreiðsla.
- Bókleg vinna
- Þjálfun í að fara eftir skriflegum vinnulýsingum.
- Að tileinka sér vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og tækja.
- Helstu geymsluaðferðir matvæla og matvælaiðnaðurinn.
- Umhverfisvernd og neysla.
- Matargerð frá hinum ýmsu þjóðlöndum

## iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
- Uppskriftir héðan og þaðan.
- Námsefni frá kennara.
- Matur og menning
- Næring og lífshættir
- Heimilisfræði fyrir unglingastig.

## iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
- Kennslan fer fram í heimilisfræðistofu skólans. Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku (2x60 mín), í 11 skipti.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
- Í smiðjum er lögð áhersla á að hver nemandi fái tækifæri til að vinna viðfangsefni á sínum forsendum m.a. í framsetningu og ástundun.

## v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:
- Símat; frumkvæði, vinnubrögð, frágangur, hegðun, ástundun
- Skrifleg verkefni
- I Pad vinna

### 3.5. Hönnun og smíði

## i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt flestar smíðaaðferðir, framkvæmt þær algengustu og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra,
- Beitt viðeigandi vinnustellingum, notað réttan hlífðarbúnað, fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.
- Útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu með áherslu á grænar lausnir,
- Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt, samfélag og jörðina,
- Nýtt hugbúnað við stafræna hönnun á vöru,
- Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni og grænar lausnir að leiðarljósi við vinnu sína, svo sem við efnisval,
- Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti í anda hringrásarhagkerfis,

## ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lampi, ljós eða ljósvarpi.
- Grunntengingar á rafmagni, kló, rofi og perustæði.
- Hugmyndavinna, hugmyndaþróun og útsetning hugmyndar með teikningu
- Málsetning þess sem smíða skal.
- Rétt röðun vinnubragða
- Að læra rétt handtök og meðhöndlun verkfæra (öryggisatriði, umhirða og umgengni)
- Útsaganir, pússningar og límingar.
- Málun, olíubera eða annar lokafrágangur afurðar.
- Frágangur, þrif og skipulögð vinnubrögð.

## iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verkfæri og áhöld smíðastofunnar
- Verklýsingar frá kennara
- Bækur og blöð frá kennara
- Teikniáhöld til hönnunar.

## iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslan fer fram í smíðastofu skólans. 3 kennslustundir á viku

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Í smiðjum er lögð áhersla á að hver nemandi fái tækifæri til að vinna viðfangsefni á sínum forsendum m.a. í framsetningu og ástundun.

## v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Símat; frumkvæði, vinnubrögð, frágangur, hegðun, ástundun
- Hvert viðfangsefni metið

## 3.6. Textílmennt

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Verklag:
  - Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða.
  - Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisvali.
  - Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.
  - Beitt viðeigandi vinnustellingum og verið meðvitaður um líkamsstöðu sína, þekki hugmyndir og reglur vinnuverndar.
- Sköpun, hönnun og tækni:
  - Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu.
  - Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt.
  - Lagt mat á eigin vinnubrögð og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök.
  - Notað margvíslega miðla til að afla upplýsinga fyrir hugmyndir að verkefnum sem tengjast textíl, hönnun og útfærslu á þeim.
  - Nýtt hugbúnað og tölvustýrð tæki við hönnun og vinnslu eiginn verka í textílvinnu.
- Menning og umhverfi:
  - Þekkt mun á eiginleikum náttúruefna og gerviefna út frá áferð og kolefnisspori.
  - Þekkt mun á helstu táknum og merkingum textílefna og nýtt sér í daglegu lífi.
  - Nýtt endurunnin efni í textílvinnu, gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd og hringrásarhagkefið.
  - Greint og fjallað um textílvinnu og –verk í samhengi við sögu, samfélag og listir.

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hugmyndavinna
- Endurnýting
- Handsaumur til skreytingar á fatnaði annaðhvort frá eigin teikningum eða bókum
- Saumavélaæfingar
- Sauma, prjóna eða endurhanna flík að eiginn vali.
- Aukaverkefni að eigin vali

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verklýsingar gerðar af kennara
- Ýmsar handbækur tengdar greininni
- Hugmyndir fengnar af veraldarvefnum

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt: Námsgreinin er kennd í smiðjum.

- Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku í u.þ.b. fimm til sex vikur samtals u.þ.b. 10-11 kennslustundir.
- Kennslan fer fram í textílstofu
- Námshópar eru blandaðir og eru 14 - 15 nemendur eru í hverjum hópi.

- Innlögn og kynning
- Sýnikennsla á saumavél
- Kennsla á verklagi
- Myndbönd af veraldarvefnum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Í smiðjum er lögð áhersla á að hver nemandi fái tækifæri til að vinna viðfangsefni á sínum forsendum m.a. í framsetningu og ástundun.

## v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Leiðsagnarmat/Símat
- Þátttaka í kennslustundum/verkefnum.
- Vinnusemi.
- Vönduð vinnubrögð.
- Umgengni og frágangur.
- Framkoma.
- Hæfniviðmið Hraunvallaskóla.
- Hvert verkefni er metið ásamt frammistöðu í tímum.

# 4. Náttúrugreinar

## i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hæfniviðmið til verklags:

○ beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður,
○ lesið þyngri náttúru-vísindatexta sér til gagns og ánægju og endursagt og rætt helstu atriði, lesið út úr myndritum og myndefni um náttúru-fræði, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi,
○ framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum,
○ kynnt niðurstöður rannsókna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýs-ingum sé miðlað á skýran hátt,
○ sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna,
○ skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingarsköpun,
○ tekið þátt í umræðu um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótast af tækni, menningu og heimsmynd mannsins.

- Hæfniviðmið til viðfangsefnum:

○ lýst hringrás efna og orku, náttúrulegum ferlum og flæði orku í náttúrunni,
○ útskýrt þarfir lífvera og rætt á gagnrýninn hátt um þróun ólíkra vistkerfa,
○ útskýrt gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengsl við velferð manna, dýravernd, sjálfbæra þróun og vistkerfin,
○ fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast náttúruvernd,
○ útskýrt loftslags-breytingar, ástæður, afleiðingar og mótvægisaðgerðir,
○ gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúru-auðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun, sjálfbæra nýtingu og rýnt í eigin neysluvenjur,
○ rætt á gagnrýninn hátt tengsl einstaklinga, nær-umhverfis og umhverfis-mála á heimsvísu,
○ skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi og í alþjóðlegu samhengi.
○ gert grein fyrir tengslum sínum við aðrar lífverur og eigin athugunum á hegðun þeirra,
○ útskýrt einkenni og lífsskilyrði lífvera og flokkun þeirra eftir skyldleika,
○ fjallað um þróun lífvera og tekið dæmi um hvernig lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu,
○ útskýrt hvernig einkenni erfast á milli kynslóða,
○ gert grein fyrir fjölbreytileika dýra og mismunandi einkennum,
○ útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð, líkamlegu og andlegu heilbrigði með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum.
○ útskýrt varðveislu massa, tengt við hegðun efna og frumeindakenninguna,
○ útskýrt uppbyggingu lotukerfisins og tengt við eiginleika efna,
○ þekkt heiti algengra frumefna og efnasambanda og unnið með þau í efnajöfnum,
○ lýst efnabreytingum og samspili þeirra við hitastig og orku, m.a. með efnajöfnum,
○ unnið með leysni mismunandi efna í vökvum og lofttegundum,
○ gert grein fyrir orku í mismunandi formum og tengt við varðveislu orkunnar,
○ lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku og lýst áhrifum á umhverfi og náttúru,
○ útskýrt helstu kraftalögmál sem verka í daglegu lífi manna,
○ Mælt og reiknað eðlismassa efna og útskýrt muninn á massa og þyngd.

- útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð,
- gert grein fyrir myndun og þróun stjarna.

## ii. Viðfangsefni í náminu

Skólaárinu er skipt upp í spretti. Í hverjum spretti er lögð áhersla á ákveðið viðfangsefni þar sem nemendur kynna sér viðfangsefnið og vinna síðan með það í gegn texta, tilraunir og aðra vinnu. Áhersla er lögð á i) lesskilningur vísindatexta, ii) textavinnsla og svörun, iii) verklegar tilraunir og iv) vinna með hugtökin í hverjum spretti fyrir sig.

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Efnafræði, stuttlega
- Samspil manns og náttúru; Þá nýtist allt nám nemandans. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir samspili manns og náttúru, hvaða áhrif hann hefur á náttúruna og geta beitt sér í erfiðum málefnum.
- Kynfræðslu.

## iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Efnisheimurinn
- Guðjónsson, H. (2005). Efnisheimurinn. Kópavogur: Menntamálastofnun.
- Maður og náttúra – Litróf náttúrunnar
- Fabricius, S., Holm, F., Mårtensson, R., Nilsson, A., & Nystrand, A. (2011). Maður og náttúra - Litróf náttúrunnar. (H. Ó. Hálfdanarson, Þýð.) Kópavogur: Menntamálastofnun.
- Hvað höfum við gert? (þættir)
- Hvað getum við gert? (þættir)
- Efni frá kennara

## iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Beinar innlagnir
- Sýnikennsla
- Tilraunir
- Skýrslugerðir
- Verkefnavinna
- Hópavinna, paravinna
- Upplýsingaöflun
- Þemavinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Í stað þess að lesa býðst nemendum aðgangur að kennslubókinni á hljóðbók
- Nemendur geta sótt um að gera styttri verkefni í stað ritgerðar og skýrslna
- Nemendur geta sótt um að taka munnlegt próf í stað skriflegs prófs

## v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Í hverjum spretti eru hæfniviðmið til hliðsjónar. Nemendur vinna spurningar og verkefni eftir þessum hæfniviðmiðum og megináherslum hvers spretts fyrir sig.

- Próf
- Verkefnavinna
- Skýrslur og spurningar
- Þátttaka og virkni í tímum

# 5. Samfélagsgreinar

## i. Hæfniviðmið

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Vinnulag:
  - **Hugtök:** Útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.
  - **Upplýsingalæsi:** Aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt.
  - **Skoðanamyndun:** Vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna.
  - **Gagnrýnar umræður:** Spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum,
  - **Setja sig í spor annarra:** Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.
  - **Miðlun:** Miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.
  - **Lýðræðislegt samstarf:** Tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Sjálfsmynd:
  - **Félagsmótun:** Útskýrt hvernig sjálfsmynd mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum.
  - **Þarfir:** Gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
  - **Tilfinningar:** Þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
  - **Hugarfar:** Rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska.
  - **Sjálfsþekking:** Gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
  - **Virðing:** Borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar.
  - **Staðalmyndir:** Fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar.
  - **Kynjafræði:** Beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- Siðferði og trú:
  - **Virðing fyrir fjölbreytileika:** Borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.
  - **Trú og lífsviðhorf:** Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.
  - **Trúarbrögð:** Túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.
  - **Áhrif trúarbragða:** Útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.
- Borgarvitund:
  - **Reglur:** Útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.

- **Mannréttindi:** Þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu.
- **Samfélagsgerð:** Greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga.
- **Lýðræði:** Útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi.
- **Stjórnkerfi:** Útskýrt þróun og upp-byggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóða-samfélaginu.
- **Samneysla:** Skilið að skatta- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðlegu samhengi.
- **Umferðarreglur:** Áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra.
- **Geta til aðgerða:** ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi.

- Saga:

- **Sögulegar heimildir:** Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
- **Fjölskyldan:** Útskýrt og borið saman hlutverk, fjölbreytileika og þróun fjölskyldunnar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- **Íslandssaga:** Útskýrt einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins, sögu og menningu þjóðar.
- **Saga:** Sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar.
- **Söguleg þróun:** Útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmynda-fræði, þ.m.t. trúar-brögðum viljaverkum og tilviljunum.
- **Áhrif sögu á samtímann:** Sýnt fram á skilning á sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi atburða sem eiga sér stað í samtímanum á heimsvísu.

- Jörðin okkar:

- **Samfélög:** Greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks.
- **Auðlindir:** Varpað ljósi á hvers vegna sjálfbær nýting auðlinda er mikilvæg fyrir samfélög og í hnattrænu samhengi.
- **Sjálfbær þróun:** Sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni.
- **Ábyrgð á náttúruvernd:** Varpað ljósi á ábyrgð einstaklinga, fyrirtækja, stjórnvalda og alþjóða-samfélags á verndun náttúru og lífsgæða á jörðinni.

## ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að vekja nemendur til umhugsunar um stöðu sína, ábyrgð og tækifæri í þjóðfélaginu.
- Sjálfsmynd og sjálfsskoðun með stuðningi frá sálfræði og félagsfræði.
- Réttindi og skyldur.
- Borgaravitund og lýðræði.
- Samstarf í heiminum.
- Samanburður á samfélögum, á milli landa og tímabilum.
- Jafningjafræðsla.
- H6 fræðsla á vegum Heilsugæslunnar.

- Forvarnarfræðsla.
- Umferðarfræðsla.

## iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Á ferð um samfélagið.
- Ítarefni frá kennara.
- Netið og myndbönd.

## iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Beinar innlagnir
- Verkefnavinna
- Hópavinna, paravinna og einstaklingsvinna.
- Upplýsingaöflun
- Þemavinna
- Umræður

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Í stað þess að lesa býðst nemendum aðgangur að kennslubókinni á hljóðbók.
- Nemendur geta sótt um að gera styttri verkefni.
- Nemendur geta sótt um að taka munnlegt próf í stað skriflegs prófs.

## iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Próf
- Verkefni
- Símat, áhugi, virkni og vinnubrögð.
- Þurfi nemandi aðlagað námsefni eða aðlagað námsmat er það gert í samvinnu við stoðþjónustu og kennara.

# 6. Skólaíþróttir

Í íþróttum og sundi er lögð áhersla á að efla jákvætt viðhorf gagnvart hreyfingu og efla félagsfærni ásamt því að auka styrk og þol. Þess vegna er horft sérstaklega til viðhorfs, virkni og framkomu nemenda auk árangurs á stöðluðum prófum sem reyna á líkamlegan styrk og færni í öllu námsmati.

## 6.1. Íþróttir

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Líkamsvitund, færni og afkastageta
  - gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol í íþróttum
  - sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem bæta líkamsstöðu, kraftúthald og styrk bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu
  - gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu
  - sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman
  - tekið þátt í hópíþróttum
  - tekið þátt í einstaklingsíþróttum og heilsurækt
  - nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu
- Félagslegir þættir
  - skilið mikilvægi gagn-kvæmrar virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann
  - skilið mikilvægi góðrar ástundunar og sjálfsaga í tengslum við góðan árangur
  - þekkt mismunandi tegundir leikreglna í hóp- og einstaklingsíþróttum
  - farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik og hvatt til jákvæðrar framkomu við samherja og mótherja
- Heilsa og heilsuefling
  - unnið með og sett sér skammtíma- og langtíma-markmið í íþróttum
  - unnið með og sett sér skammtíma- og langtíma-markmið í heilsurækt og metið árangur
  - nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að móta eigin þjálfunaráætlun
  - vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar hafa í tengslum við þjálfun líkamans
  - valið og nýtt sér viðeigandi fatnað og nauðsynlegan búnað sem hæfir valinni útivist
  - skipulagt, tekið þátt og fylgt áætlun um útivist í mismunandi aðstæðum og varast hættur sem fylgt geta
  - sýnt og skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á líkamlegu og andlegu heilbrigði og líkamlegu ásigkomulagi
  - sótt og nýtt sér upplýs-ingar um alhliða heilsu-rækt sem er í boði utan skóla
  - notað mælingar til að leggja mat á eigin afkastagetu með tilliti til þreks, hreysti, lipurðar og samhæfingar
  - tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

